

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti
101 Reykjavík

Sent í tölvupósti á: nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 27. nóvember 2020

Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um mótun efnahagslegra hvata til að efla ræktun orkujurta á Íslandi, 107. mál.

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér ofangreinda tillögu. Um mikilvægt mál er að ræða og Landvernd vill því þakka flutningsmönnum fyrir að leggja tillöguna fram.

Stjórn Landverndar styður þingsályktunartillöguna, er sammála henni og flestu því sem fram kemur í greinagerð með henni. Sérstaklega er mikilvægt að huga eins og talað er um í greinagerð, að auka fjölbreytni í þeim möguleikum sem standa bændum til boða til þess að nýta jarðir sínar og búa á býlum sínum og styrktir eru af stjórnvöldum. Stjórn Landverndar telur að þetta þurfi einnig að skoða miklu víðara þannig að fleiri styrktir möguleikar landnýtingar og verndunar fyrir bændur séu kannaðir.

Landvernd telur þó að geta verði þess í þingsályktunartillögunni að áður en vinnan hefst að meta verði landnotkun í hverju tilviki fyrir sig þannig að nýtt land sé ekki brotið undir framleiðslu á orkugjöfum fyrir sjávarútveg. Í greinagerð kemur fram að hægt sé að nýta landgræðslusvæði til ræktunar á repju. Landvernd vill benda á að lúpína er ágeng erlend tegund sem íslensk náttúra á sérstaklega erfitt með að verjast og ekki má hvetja til frekari sáningar á henni. Nýta mætti stór lúpínusvæði sem þegar eru til staðar til ræktunar á repju.

Ef aðalhvati fyrir ræktun repju/nepju á Íslandi er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þarf einnig að taka tillit til þess hvort landið sem nýta á til ræktunar losar minna með annarskonar notkun. Hér er sérstaklega átt við endurheimt votlendis sem dregur verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda, eykur líffræðilega fjölbreytni og stuðlar að heilbrigðum vatnsbúskap.

Jafnframt þarf að hafa í huga að heilbrigðum vistkerfum eins og náttúrulegum skógum eða mólendi sé ekki eytt, eða vistkerfum sem eru í afturför en ákjósanlegt er að endurheimta frekar en að nýta til ræktunar.

Þá er Ísland skuldbundið til þess að vernda líffræðilega fjölbreytni, búsvæði plantna og dýra á válistum og sérstakar vistgerðir og náttúru- og menningarinnar og þetta þarf að taka fram í greinagerð að taka þurfi inn í vinnu starfshópsins.

Í greinagerð eru misvísandi upplýsingar um losun gróðurhúsalofttegunda af völdum bruna á repjuolíu. Í henni segir „*Vinnsla á olíu úr fræjum repju og nepju verður því til að binda meira koldíoxíð (CO₂) en losað er við bruna á olíunni, en sem kunnugt er gerist hið gagnstæða þegar jarðolíu er brennt.*“ Í besta falli getur notkun repju talist kolefnishlutlaus og þá sparast losun gróðurhúsalofttegunda frá samsvarandi magni af jarðefnaeldsneyti, ef gert er ráð fyrir því að orkunýting sé nákvæmlega sú sama pr. losað CO₂ ígildi. Í greinagerð er gert ráð fyrir því að allt kolefni sem tekið er upp af plöntunni og ekki er nýtt sem kjarnfóður eða eldsneyti bindist aftur í jarðvegi. Þetta er afar hæpið því þó eitthvað af kolefninu bindist í jarðveginum losnar meirihlutinn aftur út í andrúmsloftið annað hvort sem CO₂ eða CH₄ sem er margfalt skaðlegri gróðurhúsalofttegund en CO₂. Þá þarf einnig að taka tillit til þess ef nýta á hluta af uppskerunni í kjarnfóður fyrir jórturdýr er verið að breyta CO₂ úr andrúmslofti í CH₄ (frá iðragerjun jórturdýra) sem hefur mun meiri áhrif til hlýnunar jarðar. Rétt er að fela nefndinni að skoða þessa útreikninga nákvæmlega og nýta til þess upplýsingar frá óháðum aðilum. Fella ætti ofangreinda fullyrðingu um þetta úr greinagerð.

Þá vill Landvernd benda á að hægt er að nýta vinnu starfshóps¹ sem kanna á arðsemi repjuræktunar inn í þá vinnu sem starfshópi um mótun efnahagslegra hvata til að efla ræktun orkujurta er ætlað að sinna.

Lokaorð

Stjórn Landverndar styður frumvarpið og telur það mikilvægt en hvetur til aðgátar í viðkvæmri náttúru Íslands og að forsendur um kolefnisneikvæðni í greinagerð verði yfirfarnar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar,

Auður Önnu Magnúsdóttir,
framkvæmdastjóri.

1

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-bauqi/frettir/stok-frett/2020/03/11/Starfshopur-kanni-ardsemi-repiuraektunar/>